Reykjavík, 15. september 2026
USK26050391

**Grettisgata 53B – Byggingarleyfisumsókn**

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2026 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2026 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið íbúð þar sem áður var geymsla og þvottahús í rými 0001 í fjölbýlishúsi á lóð i nr. 53B við Grettisgötu.


*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040*



*Deiliskipulag m.s.br*

*Götumynd (ja.is)*

**Skipulag í gildi**

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin innan borgarhluta 2 - Miðborg og er hluti af íbúðarsvæði ÍB11 – Grettisgata og innan hverfisverndarsvæðis HV26 – Hverfisvernd innan Hringbrautar.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir stgr. 1.174.2, Laugavegur, Barónsstígur, Grettisgata og Vitastígur, samþykkt í borgarráði 11. mars 2003 ásamt síðari breytingum.

**Umsögn**

Grettisgata 53b er tvílyft steinsteypt hús á kjallara. Samkvæmt fasteignaskrá er það byggt árið 1921 og því friðað.

Fyrir liggur umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 3. september 2026. Minjastofnun heimildar þá breytingu sem framkvæmd hefur verið, að innrétta íbúð í kjallararými hússins og flytja þvottaaðstöðu og geymslu í skúr á lóðinni.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á áður gerðum breytingum sem felast í því að innréttuð hefur verið íbúð í rými 0001.

**Niðurstaða**

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að fjölga íbúðum úr fimm í sex ef ný íbúð í kjallara uppfyllir ákvæði byggingarreglugerðar.

Reykjavík

Bent er á að ekki er heimilt að stækka núverandi gististarfsemi innan hússins með fjölgun gistirýma þar sem það er í ósamræmi við ákvæði aðalskipulags fyrir svæðið.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

**f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

verkefnastjóri

Reykjavík